



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Félagsmálaráðuneytið
Skógarhlíð 6
150 Reykjavík

Reykjavík 9. ágúst 2019

1905037SA GB
Málalýkill: 09.00

Efni: Umsögn um drög að frv. um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun - mál nr. S-189/2019

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnarráðsins, dags. 15. júlí sl., þar sem kallað er eftir umsögnum um drög að frumvarpi til laga um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Almennt

Í frumvarpinu er lagt til að tvær stofnanir, Íbúðalánasjóður og Mannvirkjastofnun, verði lagðar niður en í þeirra stað muni Húsnæðis- og mannvirkjastofnun annast verkefni beggja stofnana. Í skýringum með frumvarpinu kemur fram að starfshópur, sem falið var að skoða fýsileika sameiningarinnar, telji að ný stofnun sé betur til þess fallin að hafa heildaryfirsýn yfir málaflokk húsnæðismála og sameining ætti að auka skilvirkni, hagkvæmni og árangur í allri stjórnslu húsnæðis- og mannvirkjamála.

Við undirbúning frumvarpsins lýsti sambandið fremur jákvæðri afstöðu til fyrirhugaðrar sameiningar. Fyrirsjáanlegt er að nokkur samlegð getur orðið við sameiningu stofnananna. Sameiningin gefur þó ekki síður væntingar um að við mótnun regluverks um byggingsmál verði framvegis horft í ríkara mæli til stefnu stjórnvalda í húsnæðismálum. Þar vega m.a. þungt sjónarmið um þörf fyrir hagkvæmt íbúðarhúsnæði og tækifæri til þess að auka samræmi í norrænni byggingsarlöggjöf. Slík samræming myndi m.a. auðvelda innflutning á einingahúsum og sambærilegum lausnum sem aftur ætti að leiða til lækkunar íbúðaverðs hér á landi.

Að áliti sambandsins kunna að vera tækifæri til frekari sameiningar á stofnunum sem fara með húsnæðismál og er einkum tilefni til þess að fara í greiningu á að hin nýja Húsnæðis- og mannvirkjastofnun taki í náginni framtíð við rekstri fasteignaskrár Þjóðskrár.

Staða brunavarna innan stofnunarinnar

Við undirbúning frumvarpsins lýsti sambandið þeirri afstöðu að mikilvægt væri að brunavarnir, sem Mannvirkjastofnun sinnir lögum samkvæmt, verði ekki afgangsstærð í rekstri stofnunarinnar. Ekki kemur skýrt fram í frumvarpinu eða skýringum við það hvort fyrirhugað sé að brunavarnahlutinn verði sjálfstæð rekstrareining innan stofnunarinnar. Við frekari vinnslu málsins leggur sambandið áherslu á að skýrari sýn verði kynnt um þetta atriði. Leggur sambandið áherslu á að náið samráð verði við sveitarfélög og slökkviliðsstjóra um framboð á fræðslu um brunavarnir og stefnumótun í brunavörnum. Eins og ráðuneytinu á að vera kunnugt

er staða brunavarna hér á landi afar misjöfn og veruleg þörf á úrbótum t.d. með bættri þjálfun og búnaði slökkviliða. Á sama tíma standa slökkviliðin frammi fyrir nýjum áhættum, s.s. vegna gróðurelda og fjölgunar ferðamanna, og auknum kröfum í löggjöf. Um þetta segir í stefnumörkun sambandsins 2018-2022:

- Sambandið skal taka upp viðræður við ríkið um eflingu slökkviliða, með hliðsjón af reglugerð um starfsemi slökkviliða og nýjum áskorunum fyrir slökkviliðin. (3.4.29)
- Sambandið beiti sér fyrir því að sveitarfélög fái stuðning við gerð brunavarnaáætlana. Jafnframt verði teknar upp viðræður við ríkið um eflingu slökkviliða með hliðsjón af auknum kröfum í nýrri reglugerð um starfsemi slökkviliða og fjölgun verkefna vegna aukinnar umferðar á vegum. (3.4.30)

Skipan stjórnar stofnunarinnar og samráð við sveitarfélög

Í 4. gr. frv. segir að með yfirstjórn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar fari fimm manna stjórn sem ráðherra skipar til fimm ára í senn. Í ljósi þess hve starfsemi stofnunarinnar tengist sveitarfélögum og verkefnum þeirra leggur sambandið áherslu á að í frumvarpinu verði kveðið á um rétt Sambands Íslenskra sveitarfélaga til þess að tilnefna að lágmarki einn stjórnarmann.

Mjög gott samstarf hefur almennt verið á milli þeirra stofnana sem nú er fyrirhugað að sameina og Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Ekki er ástæða til að óttast sérstaklega að breyting verði þar á við sameininguna. Að áliti sambandsins kann engu að síður að vera tilefni til þess að kveða skýrar á um skyldu stofnunarinnar til samráðs á þeim fagsviðum sem undir hana heyra, s.s. með starfrækslu fagraða eða samráðsvettvangs með aðkomu helstu haghafa.

Lokaorð

Eins og að framan er rakið er afstaða Sambands Íslenskra sveitarfélaga almennt fremur jákvæð í garð þess frumvarps sem hér er til umsagnar en þess er vænst að tekið verði tillit til ábendinga í umsögninni við frekari vinnslu málsins.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri